

Byggðasamlagið Oddi bs.
Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Byggðasamlagið Oddi bs. er byggðasamlag og aðilar að því eru Rangárþing ytra og Ásahreppur. Byggðasamlagið hóf starfsemi í ársbyrjun 2016.

Byggðasamlagið annast rekstur leikskóla og grunnskóla í sveitarfélögunum.

Á árinu námu laun byggðasamlagsins 545,5 millj. kr., og launatengd gjöld námu 129,7 millj. kr.

Rekstrarkostnaði byggðasamlagsins er skipt milli aðildarsveitarfélaganna samkvæmt samningi þeirra á milli.

Stjórn byggðasamlagsins staðfestir hér með ársreikning Byggðasamlagsins Odda bs. fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Hellu, 24. mars 2020.

Stjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Byggðasamlagsins Odda bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Byggðasamlagsins Odda bs. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu byggðasamlagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð byggðasamlaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstarhæfi byggðasamlagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa byggðasamlagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi byggðasamlagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert byggðasamlagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hellu, 24. mars 2020.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019	Áætlun 2019	2018
Rekstrartekjur				
Rekstrarframlag Rangárpings ytra	4	775.349.480	772.145.367	699.992.313
Rekstrarframlag Ásahrepps	4	134.604.548	139.928.633	127.520.378
Þjónustutekjur	3	103.473.106	104.791.000	90.566.377
		<u>1.013.427.134</u>	<u>1.016.865.000</u>	<u>918.079.068</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	2	686.761.903	693.482.000	625.534.433
Annar rekstrarkostnaður	3	320.872.782	320.154.000	285.698.605
		<u>1.007.634.685</u>	<u>1.013.636.000</u>	<u>911.233.038</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .		5.792.449	3.229.000	6.846.030
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		158.300	54.000	114.334
Fjármagnstekjuskattur		(33.059)	0	(25.153)
Vaxtagjöld og verðbætur		(5.917.690)	(3.283.000)	(6.935.211)
		<u>(5.792.449)</u>	<u>(3.229.000)</u>	<u>(6.846.030)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir			
Fyrirframgreiddur kostnaður	6	79.826.170	83.015.746
Fastafjármunir samtals		<u>79.826.170</u>	<u>83.015.746</u>
Veltufjármunir			
Krafa á Rangárþing ytra	4	72.835.004	25.248.785
Krafa á Ásahrepp	4	0	1.503.601
Fyrirframgreiddur kostnaður	6	3.189.582	3.189.582
Aðrar skammtímakröfur		15.700.841	19.268.761
Handbært fé		1.005.625	31.498.660
Veltufjármunir samtals		<u>92.731.052</u>	<u>80.709.389</u>
Eignir samtals		<u>172.557.222</u>	<u>163.725.135</u>
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	5	101.556.874	100.327.918
		<u>101.556.874</u>	<u>100.327.918</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir af langtímalánum	5	1.450.812	0
Skuld við Ásahrepp	4	2.044.794	0
Aðrar skammtímaskuldir		67.504.742	63.397.217
Skammtímaskuldir samtals		<u>71.000.348</u>	<u>63.397.217</u>
Skuldir samtals		<u>172.557.222</u>	<u>163.725.135</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.
- c. Viðskiptakröfur eru færðar niður um 1,6 millj. kr. í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift er að ræða heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum sem kanna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:	2019	Áætlun 2019	2018
Laun	545.506.016	557.847.000	497.118.767
Launatengd gjöld	129.749.041	132.364.000	119.868.361
Framlög til Brúar lífeyrissjóðs	3.189.576	3.259.000	3.189.576
Áfallið orlof, breyting	3.369.916	12.000	5.357.729
	<u>681.814.549</u>	<u>693.482.000</u>	<u>625.534.433</u>
		2019	2018
Fjöldi starfsmanna í árslok		102	102
Fjöldi stöðugilda í árslok		88	84

3. Heildaryfirlit um rekstur

	Ársreikningur 2019				Áætlun 2019
	Tekjur	Laun	Annar rekstrark.	Mismunur	Nettó
Fræðslunefnd, sameiginlegt	0	1.543.004	4.914.428	(6.457.432)	(2.863.000)
Framlög til Brúar lífeyrissjóðs ...	0	3.189.576	0	(3.189.576)	(3.259.000)
Grunnskólinn Hellu	11.945.207	234.288.710	125.699.520	(348.043.023)	(333.923.000)
Mötuneyti Hellu	46.574.257	23.752.301	22.821.956	0	0
Skóladaðheimili Hellu	1.554.466	5.252.739	3.852.860	(7.551.133)	(9.018.000)
Laugalandsskóli	35.794.195	125.453.014	102.140.055	(191.798.874)	(187.341.000)
Mötuneyti Laugalandi	26.615.477	15.239.371	11.376.106	0	0
Heklukot	16.374.084	189.476.923	55.556.667	(228.659.506)	(247.600.000)
Leikskólinn Laugalandi	10.062.066	87.459.078	31.201.888	(108.598.900)	(113.669.000)
Bókasafnið Hellu	0	478.166	3.714.343	(4.192.509)	(4.822.000)
Bókasafnið Laugalandi	15.000	629.021	3.956.636	(4.570.657)	(4.902.000)
Bókasafnið Þykkvabæ	0	0	1.099.969	(1.099.969)	(1.448.000)
Millifærslur	(45.461.646)	0	(45.461.646)	0	0
	<u>103.473.106</u>	<u>686.761.903</u>	<u>320.872.782</u>	<u>(904.161.579)</u>	<u>(908.845.000)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				(5.792.449)	(3.229.000)
				<u>(909.954.028)</u>	<u>(912.074.000)</u>

4. Skipting rekstrar og framlög aðildarsveitarfélaganna

	Rangárþing ytra	Ásahreppur	Samtals
Fræðslunefnd, sameiginlegt	5.504.827	952.605	6.457.432
Framlög til Brúar lífeyrissjóðs	2.719.047	470.529	3.189.576
Grunnskólinn Hellu	288.875.709	59.167.314	348.043.023
Skólادagheimili Hellu	6.267.440	1.283.693	7.551.133
Laugalandsskóli	159.193.065	32.605.809	191.798.874
Heklukot	203.171.397	25.488.109	228.659.506
Leikskólinn Laugalandi	96.493.650	12.105.250	108.598.900
Bókasafnið Hellu	3.479.783	712.726	4.192.509
Bókasafnið Laugalandi	3.793.645	777.012	4.570.657
Bókasafnið Þykkvabæ	912.974	186.995	1.099.969
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4.937.942	854.507	5.792.449
	<u>775.349.479</u>	<u>134.604.549</u>	<u>909.954.028</u>
Staða í ársbyrjun	25.248.785	1.503.601	26.752.386
Rekstrarframlög	775.349.479	134.604.549	909.954.028
Innborganir á árinu	(727.763.260)	(138.152.944)	(865.916.204)
Staða í árslok	<u>72.835.004</u>	<u>(2.044.794)</u>	<u>70.790.210</u>

5. Langtímaskuldir við lánastofnanir

Langtímalán við lánastofnanir greinast þannig:

Lánveitandi	Vísitala	Vaxtakjör	Staða
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt lán	Nvt	2,50%	103.007.686
			<u>103.007.686</u>
Næsta árs afborganir af langtímalánum við lánastofnanir			(1.450.812)
Langtímaskuldir við lánastofnanir í efnahagsreikningi			<u>101.556.874</u>

Afborganir langtímalána við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020.....	1.450.812
Árið 2021.....	2.901.625
Árið 2022.....	2.901.625
Árið 2023.....	2.901.625
Árið 2024.....	2.901.625
Síðar.....	89.950.374
	<u>103.007.686</u>

6. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2020 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	86.205.328
Gjaldfært á árinu.....	(3.189.576)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	<u>83.015.752</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	3.189.582
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	<u>79.826.170</u>
Samtals í efnahagsreikningi.....	<u>83.015.752</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	75.296.745
Framlag í varúðarsjóð.....	<u>7.719.007</u>
	<u>83.015.752</u>